

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og rætt það á nokkrum fundum, eftir því sem tíminn hefur leyft, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess.

Við undirritaðir fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni teljum, að létta verði enn þá meira útsvarsbyrðina á almenningi með lágar tekjur og miðlungstekjur, og þá fyrst og fremst á barnmörgum fjölskyldum, frá því, sem fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni telja sér fært að samþykkja, og við það eru breytingartilögur okkar miðaðar.

Enn fremur leggjum við til í bráðabirgðaákvæði, að ríkissjóður greiði Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þetta árið aukalega það, sem með þarf, til þess að hann geti staðið straum af aukaframlögum til sveitarfélaganna, er nauðsynleg kunna að verða vegna takmörkunar á álagningarrétti þeirra skv. tillögum okkar.

Þá leggjum við einnig til, að sérstök nefnd verði skipuð til þess að endurskoða gildandi lög um útgjaldaskyldur sveitarfélaga og tekjuöflun þeirra o. s. frv., sbr. brtt. okkar, og að nefndin skili álit og tillögum fyrir næsta reglulegt Alþingi um framþúðarskipan þessara mála.

Í upphafi valdaferils síns ákvað ríkisstjórnin og stuðningslið hennar að gerbreyta tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs, þannig að óbeinir skattar, þ. e. aðflutningsgjöld og söluskattur, yrðu meginuppistaðan í tekjuöflun hans, en beinir skattar mjög óverulegur hluti heildarteknanna. Var því lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að almennar launatekjur væru undanþegnar tekjuskatti.

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu hafa óbeinir skattar verið margfaldaðir á valdatíma ríkisstjórnarinnar, sem bezt má sjá af því, að heildarlögur skv. fjárlögum þessa árs eru fjórfaldar miðað við árið 1958. Söluskattur hefur t. d. hækkað úr 102 millj. kr. 1960 í 923 millj. kr. skv. fjárlögum 1965, en það er níföld hækkun. En þessi gifurlega hækkun óbeinu skattanna hefur ekki nægt ríkissjóði, því að jafnframt henni hefur tekju- og eignarskattur fjórfaldast á sama tíma, hefur hækkað úr 97 millj. kr. 1960 í 375 millj. kr. skv. fjárlögum 1965.

Með hinni miklu hækkun óbeinu skattanna 1960 var mjög þrengt að greiðslugetu gjaldenda sveitarútsvara. Var það í reynd viðurkennt af forustumönnum ríkissjóðs með því að ákveða Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 20% af 3% söluskatti á viðskipti innanlands, er renna skyldi til sveitarsjóðanna.

Með ört vaxandi verðbólgu hafa bæði beinir og óbeinir ríkisskattar stóraukizt frá 1960, svo sem vikið er að hér að framan. Áhrif verðbólgunnar hafa einnig sagt til sín í rekstri sveitarfélaganna, en þau hafa samt engan hluta fengið í hækkun söluskattsins úr 3% í 7½%, eins og hann nú er. Þetta hefur leitt til þess, að sveitarfélögin hafa orðið að hækka mjög verulega álögur sínar, þannig að samanlögð skattheimta ríkisins og sveitarfélaganna á launafólk gengur langt úr hófi fram. Það sást bezt á s. l. ári, er Skattskrá Reykjavíkur birtist.

Til þess að forða því, að svipuð saga gerist aftur, eru tillögur okkar fluttar.

Með þeim leggjum við til að hækka persónufrádrátt á einstaklingum og hjónum um 80% frá gildandi lögum og 140% fyrir börn innan 16 ára aldurs. Ætti þessi persónufrádráttur, auk annars lögleyfðs frádráttar, að tryggja að gjaldendur, sem hafa ekki hærri tekjur en taldar eru nauðþurftartekjur í framfærsluvisitöluútreikningi, þurfi ekki að greiða tekjuútsvar. Það er eðlileg og sanngjörn viðmiðun.

Þá leggjum við einnig til, að tekjubilum útsvarsstigans verði breytt nokkuð, eins og brtt. okkar kveða nánar á um. Er tilgangurinn með þeim breytingum sá, að létta útsvarsbyrðarnar á lágum tekjum og miðlungstekjum fyrst og fremst.

Sem dæmi um áhrif af samþykkt þessara tillagna okkar annars vegar og tillagna stjórnarliða hins vegar er hér reiknað útsvar af mismunandi nettótekjum hjóna með 2 börn:

Af nettótekjum	Skv. tillögum stjórnarliða	Skv. tillögum okkar
kr. 90000	Útsvar 2000 kr.	Útsvar 300 kr.
— 100000	— 4000 —	— 1300 —
— 125000	— 9000 —	— 3800 —
— 150000	— 16000 —	— 8600 —
— 200000	— 31000 —	— 20900 —
— 250000	— 46000 —	— 35900 —

Þá leggjum við til, að 20% hækkunarheimild sveitarfélaga á útsvörum skv. 2. málsg. 34. gr. l. um tekjustofna sveitarfélaga verði færð niður í 10%.

Í framsögu fyrir nefndarálitinu þessu verður nánari grein gerð fyrir breytingartilögum.

Alþingi, 5. maí 1965.

Jón Skaftason,  
frsm.

Ágúst Þorvaldsson.